

Mánudaginn 15. janúar 1968.

Nr. 53/1967. **Ingólfur Sigurðsson** (Hjörtur Torfason hrl.)
 gegn
Brandi Brynjólfssyni (Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1967 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms svo og ákvæða 3. mgr. 11. gr. og 17. gr. laga nr. 93/1933 ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Sigurðsson, greiði stefnda, Brandi Brynjólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Brandur Brynjólfsson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 4. júní 1966, á hendur Ingólfi Sigurðssyni, Stóragerði 27 í Reykjavík, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 30.000.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 23. október 1965,

kr. 557.00 í afsagnar- og stimpilkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarsins.

Krafa stefnanda er samkvæmt vixli, útgefnum af Friðþjófi Karlssyni hinn 23. apríl 1964 og samþykktum til greiðslu af Kr. Reyni Jónssyni með prókúruumboði fyrir Aðstoð h/f hinn 23. október 1965 í Iðnaðarbanka Íslands, en á vixli þessum er stefndi Ingólfur ábekingur. Vixillinn var afsagður sökum greiðslufalls hinn 26. október 1965.

Hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en þangað kærði stefndi notkun vixilsins, skýrði hann svo frá, að hann hefði í aprílmánuði 1964 skrifað nafn sitt á vixilinn sem ábekingur að beiðni Friðþjófs Karlssonar. Hafi vixillinn verið útfylltur að öllu öðru leyti en því, að ekki var ritaður útgáfudagur eða gjalddagi. Hafi tilgangur með ritun vixilsins verið sá að nota andvirði hans til að standa straum af ferð Friðþjófs og Kristins Reynis Jónssonar á kaupstefnu erlendis. Af þeirri ferð varð þó eigi og hafi verið svo um talað með þeim félögum, að vixillinn skyldi eyðilagður og ekki notaður á neinn annan hátt. Kvaðst stefndi margoft hafa kafið Kristin Reyni um að afhenda sér vixilinn, sem var í hans vörzlum, en Kristinn Reynir hafi jafnan haft einhver undanbrögð með að skila vixlinum. Hafi stefndi síðan ekki vitað, hvar vixillinn var niður kominn fyrr en síðla sumars 1965, en þá hafi stefnandi hringt í hann og kafið hann um greiðslu á vixlinum. Er hann hafi komið í skrifstofu stefnanda, hafi hann sagt honum, hvernig ástatt væri um vixilinn, en stefnandi hafi spurt, hvort hann og Friðþjófur, sem var í fylgd með stefnda, væru komnir til að greiða vixilinn. Er stefndi hafi séð vixilinn, var hann útfylltur með gjalddaga 23. október 1965. Hafi hann þá tekið vixilinn í sínar vörslur án samþykkis stefnanda og haft á brott með sér. Hafi hann síðan kært meðferð á vixlinum til rannsóknarlögreglunnar.

Friðþjófur Karlsson skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hefði starfað hjá Kristni Reyni um vorið 1964, en Kristinn Reynir hafi þá rekið fyrirtækið Aðstoð. Um skeið hafi til mála komið, að hann gerðist meðeigandi í fyrirtækinu, en ekki varð úr. Hafi um þetta leyti staðið til, að hann og Kristinn Reynir færu saman til útlanda í þágu fyrirtækisins. Af því tilefni hafi umræddur vixill verið ritaður, en hann hafi fengið stefnda til að gerast ábekingur á vixlinum. Áður en til þess hafi komið, að

víxill var seldur, hættu þeir félagar við ferðina. Samkvæmt samkomulagi þeirra félaga allra hafi Kristni Reyni þá borið að eyðileggja víxilinn. Hafi hann síðan ekkert vitað um víxilinn, fyrr en stefnandi hafi kafið sig og stefnda um greiðslu á víxlinum.

Kristinn Reynir Jónsson skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að víxillinn hefði verið ritaður á þeim forsendum, að fé það, er fyrir hann fengist, yrði notað í sambandi við fyrirhugaða utanför hans og Friðþjófs, en þegar af henni hafi ekki orðið, hafi hann átt að eyðileggja víxilinn. Það hafi þó lent í undandrætti, að hann eyðilegði víxilinn eða skilaði honum til stefnda. Í ágúst-mánuði 1965 hafi hann verið í fjárþröng og hafi hann þá gripið til víxilsins með því að greiða stefnanda með honum víxilskuld og aðrar smáskuldir, sem hann hafi verið í við stefnanda. Þær skuldir hafi þó ekki verið jafnháar víxilfjárhæðinni og hafi stefnandi greitt mismuninn í peningum. Hann kvaðst hafa ritað gjald-daga á víxilinn, 23. október 1965, áður en hann hafi selt stefnanda víxilinn. Hann kvað stefnanda hafa spurt sig, hvers vegna stefndi hefði skrifað nafn sitt á víxilinn, og kvaðst hann hafa sagt stefnanda, að andvirðið hefði átt að nota til utanfarar. Hann kvaðst ekki muna, hvort stefnandi hefði spurt um það, hvort hann hefði heimild til þess að ráðstafa víxlinum, en hafi svo verið, þá hafi hann áreiðanlega sagt honum, að svo væri. Hann kvaðst hafa vænzt þess að geta greitt víxilskuldina í tæka tíð, en úr því hafi ekki orðið.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni skýrði stefnandi svo frá, að Kristinn Reynir hefði selt sér umræddan víxil. Um leið hefði Kristinn Reynir greitt honum víxilskuld að fjárhæð kr. 6.000.00 að viðbættum kostnaði, en aðrar skuldir hafi hann ekki greitt í það sinn. Hafi hann því greitt Kristni Reyni meginhluta umrædds víxils með peningum. Kvað stefnandi sér ekki hafa verið annað kunnugt en að allt væri í lagi með víxilinn og að Kristni Reyni hafi verið fyllilega heimilt að ráðstafa víxlinum. Hafi hann og þekkt stefnda að því að standa vel fyrir sínum skuldum. Hann kvaðst skömmu síðar hafa átt símsamtal við stefnda og skýrt honum frá því, að hann ætti 30.000.00 króna víxil, sem stefndi væri ábyrgðarmaður á. Hafi stefndi viðurkennt það, en gert þá athugasemd, að víxli þessum hafi Kristinn Reynir átt að vera búinn að skila, þar sem hann hafi átt að notast vegna utanfarar, en sú ferð hafi aldrei verið farin. Tveim dögum síðar hafi stefndi hringt og spurt, hvort hann og Friðþjófur mættu koma og ræða

við sig. Er þeir hafi komið, kvaðst hann hafa spurt þá, hvort þeir væru komnir til að greiða vixilinn. Hafi þeir ekkert út á það gefið, en stefndi hafi óskað eftir að fá að sjá vixilinn. Er stefndi hafi fengið vixilinn í hendur, hafi hann sagzt eiga vixilinn og hafi hann stungið honum í vasa sinn. Hafi hann ekki viljað skila vixlinum til baka þrátt fyrir tilmæli og hafi hann haft hann á brott með sér. Ástæðuna fyrir því, að stefnandi hafi krafið stefnda og Friðþjóf um greiðslu vixilsins fyrir gjalddaga, kvað stefnandi hafa verið þá, að hann hafi komizt að því, að firmað Aðstoð h/f hafi ekki verið til, og að Kristinn Reynir var gjaldþrota.

Kristinn Reynir sætti ákæru vegna meðferðar sinnar á umræddum vixli, en stefnandi fékk vixilinn í hendur með úrskurði fógætadóms.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu alfarið á vixlinum. Mótmælir hann því eindregið að hafa vitað, þá er hann keypti vixilinn, að Kristinn Reynir hefði ekki haft heimild til að ráðstafa honum. Vixilinn hafi á engan hátt borið slíkt með sér og hafi hann ekki sýnt af sér neitt það gáleysi við kaupin, sem leiða á til missis réttar síns samkvæmt vixlinum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki verið grandlaus um meðferð Kristins Reynis á vixlinum, eða að minnsta kosti hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að kynna sér ekki heimild hans til að selja vixilinn. Þá bendir stefndi á það, að samkvæmt upplýsingum Iðnaðarbanka Íslands hafi umræddur vixill ekki verið til staðar í þeim banka á gjalddaga vixilsins. Af þeim sökum hafi stefndi eigi getað greitt hann í þeim banka, þótt hann hefði haft hug á því. Af sömu ástæðu hefur afsögn eigi getað farið þar fram.

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að hann hafi vitað, þá er hann fékk vixilinn, hver meðferð Kristins Reynis var á vixlinum. Heldur ekki þykir hann hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í því sambandi. Verður því samkvæmt 10. gr. vixil laga nr. 93/1933 krafa stefnda, að því leyti sem hún er á þeim atriðum byggð, eigi tekin til greina.

Samkvæmt afsagnargerð borgarfógetaembættisins í Reykjavík, sem fylgir vixlinum í málinu, fór afsögn hans fram í afgreiðslustofu Iðnaðarbankans hinn 26. október 1965. Og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit vixilsins með eyðuframsali til sín, ber að taka til greina kröfur hans í málinu að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 7.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Sigurðsson, greiði stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 30.000.00 með 12% ársvöxtum frá 23. október 1965 til greiðsludags, kr. 557.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 7.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1968.

Nr. 20/1967. **Friðþjófur Ó. Jóhannesson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Stefáni Franklín og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ömerking. Frávísun. Vanreifun. Sjó- og verzlunardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 17. febrúar 1967, gerir þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 68.746.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags, kr. 9.300.00 í málskostnað í héraði svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsstefnu byggir gagnáfrýjandi kröfur sínar á því, að hann hafi hinn 8. marz 1962 selt aðaláfrýjanda 20.700 kg af frystri loðnu fyrir samtals kr. 81.844.00. Loðnuna hafi hann sama dag sent aðaláfrýjanda með skipi frá Reykjavík til Patreksfjarðar og greitt farmgjald og feringarkostnað, samtals kr. 10.084.80. Hinn 10. janúar 1963 hafi aðaláfrýjandi ritað honum bréf, þar sem segir: „Þegar að loðnuvertið líður, mundu þá eftir að ráðstafa þeim ca. 16 lestum, sem þú átt hér“. Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa selt nafngreindum